

Sp.

435. Fyrirspurnir.

[193. mál]

- I. Til ríkisstjórnarinnar um lausn verkfræðingadeilunnar og verkfræðingabörf ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hefur ríkisstofnunum eins og vitamálaskrifstofunni, vegamálaskrifstofunni, raforkumálaskrifstofunni og landssímanum tekizt að ráða nógu marga verkfræðinga í þjónustu sína eftir lausn verkfræðingadeilunnar, til þess að hægt sé fullkomlega að anna tæknilegum undirbúningi áformaðra verklegra framkvæmda á vegum ríkisins?
2. Hve margir fastráðnir verkfræðingar eru nú í þjónustu þessara stofnana hvern um sig?
3. Hver eru launakjör þeirra hvers um sig?
4. Hve margir verkfræðingar voru í þjónustu þessara stofnana hvern um sig, áður en verkfræðingaverkfallið hófst?

- II. Til félagsmálaráðherra varðandi fæðingarorlof.

Frá Margréti Sigurðardóttur.

1. Hvað hefur félagsmálaráðuneytið gert til undirbúnings löggjöf um fæðingarorlof eða til fyrirgreiðslu því máli, sem vísað var til þess með samþykkt Alþingis 16. marz 1961?
2. Er þess að vænta, að ráðuneytið leggi frumvarp fyrir Alþingi um málið á þessu þingi?